



Fjárhagsnefnd

Starfsemi Reykjavíkurborgar er skipt upp í A-hluta og B-hluta. A-hlutinn er dagleg þjónusta við borgarbúa s.s. leik- og grunnskólar, menningar- og íþróttamál, rekstur eigna og gatna, velferðarþjónustan o.s.frv. en B-hlutinn eru fyrirtæki sem borgin á ein eða með öðrum sveitarfélögum s.s. Orkuveitan, Félagsbústaðir, Faxaflóahafnir, Sorpa, Strætó o.fl.

Reykjavíkurborg er langstærsta sveitarfélag landsins og námu tekjur af starfsemi A-hlutans 194 milljörðum króna eða nærri fjórföldum tekjum A-hluta næst stærsta sveitarfélags landsins. Þrátt fyrir þessa stærð A-hlutans sem er að meginhluta fjármagnaður með skatttekjum frá borgarbúum er ekki hægt að merkja stærðarhagkvæmni í ársreikningi. Skuldir A-hluta og fyrirtækjanna sem saman mynda B-hluta borgarinnar jukust um 25 milljarða á árinu 2024 og eru orðnar 525 milljarðar. Þær námu rúmum 286 milljörðum í ársbyrjum 2014. Taprekstur hefur verið regla fremur en undantekning um langt árabíl. Sjálfstæðisflokkurinn mun snúa þessum rekstri við aðallega með hagræðingu í rekstri, fremur en tekjuauka með álögum á borgarbúa eða niðurskurði í þjónustu.

Reykjavíkurborg hefur alla burði til að vera fyrirmyndarsveitarfélag sem nýtir sér hagkvæmni stærðarinnar þannig að það komi fram með skýrum hætti í niðurstöðum rekstrar með jákvæðum áhrifum fyrir borgarbúa. Skuldahlutfall A-hluta á að vera lægra en meðalskuldahlutfall A-hluta annarra sveitarfélaga á Íslandi. Enda var borgin lengstum það sveitarfélag sem var fjárhagslega sterkast og bar ægishjálmi yfir önnur sveitarfélög.

Viðmið og fjárhagur

Undanfarin fimm ár er uppsafnað tap af starfsemi A-hluta 25 milljarðar á verðlagi hvers árs (32 milljarðar á verðlagi í september 2025), þ.e. tap af þeirri starfsemi Reykjavíkurborgar sem rekin er fyrir skattfé borgarbúa. Nauðsynlegt er að grípa inn í og stöðva óhóf og agaleysi í



fjármálum borgarinnar með að innleiða styrka fjármálastjórn og samþykkja aldrei fjárhagsáætlanir sem gera ráð fyrir taprekstri. Bæta þarf alla áætlanagerð sem hefur verið í molum og hver framkvæmdin eftir aðra fer margfalt fram úr áætlun. Þá fara ákveðnir málaflokkar fram úr áætlun ár eftir ár án þess að gripið hafi verið í taumana.

Markmið A- og B-hluta Reykjavíkurborgar ætti að vera lág skuldastaða og hagkvæmur rekstur sem tryggir góða þjónustu og viðbragðsgetu í áföllum. Sterk fjárhagsstaða er grundvöllur stöðugleika til framtíðar og getu til að þjónusta íbúa og fyrirtæki eins vel og kostur er. Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík leggur ríka áherslu á gera meiri kröfur til Reykjavíkurborgar en lög gera og skuldahlutfall A-hluta verði komið niður fyrir 50% af tekjum fyrir árið 2030. Tryggja þarf gagnsæi og samræmi upplýsinga um fjármál þannig að fjölmiðlar og almenningur geti veitt aðhald með eðlilegum hætti.

Flokkun útgjalda – fjármál og uppgjör

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík vill að auk hefðbundinnar flokkunar verði útgjöld A-flokkuð eftir mikilvægi og lögbundinni nauðsyn í nokkra flokka. Sem dæmi: 1. lögbundin starfsemi, 2. önnur kjarnastarfsemi s.s. samfélagsleg þjónusta með mælanlegum ávinningi og 3. önnur starfsemi eða útgjöld. Slík flokkun myndi nýtast vel í stefnumótun, fjárhagsáætlanagerð og pólitískum umræðum. Ef taprekstur er óhjákvæmilegur vegna lögbundinna skyldna þá skuli fylgja skýr áætlun um hvernig ná eigi jafnvægi á næsta ári þar á eftir, t.d. með tekjuöflun eða útgjaldalækkun. Virðismat eigna eins og það sem leiðir af hækkun fasteignamats á eignum Félagsbústaða á ekki að leiða til aukins svigrúms A-hluta til tapreksturs.

Ef fjárhagsáætlun A-hluta Reykjavíkurborgar er neikvæð ætti að kalla til óháða sérfræðinga til að leggja til niðurskurð útgjalda sem m.a. byggja á fyrrnefndri flokkun útgjalda. Reykjavíkurborg á að birta gögn um rekstur og fjárhagsstöðu á opnum vef.

Sjálfstæðisflokkurinn vill að fjármunum verði forgangsraðað í þágu grunnþjónustu við borgarbúa í stað verkefna sem ekki bæta þjónustu. Dregið verði úr miðstýringu og



ákvarðanataka og ábyrgð á rekstri og þjónustu færð nær notendum, svo sem í grunnskólum í borginni. Verkefni sem eru ekki hluti af kjarnastarfsemi sveitarfélagsins á ekki að leggja í ef rekstur A-hluta ber það ekki, eða myndar tap. Ef ekki eru tekjur sem nægja fyrir lögbundinni eða kjarnastarfsemi, (þ.e. eða 1 og 2 flokki samkvæmt framangreindri flokkun útgjalda) þá skyldi ekki samþykkja útgjöld í 3 flokki.

Launakostnaður er stærsti útgjaldaliður borgarinnar. Hlutfall launakostnaðar af tekjum er hærra en hjá öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Sjálfstæðisflokkurinn telur að svigrúm sé til að lækka launakostnað með hagræðingaraðgerðum. Reykjavíkurborg á ekki að yfirbjóða launamarkaðinn.

Veikindahlutfall sem nálgast 8% af greiddum launum er óviðunandi. Hvert prósent samsvarar um einum milljarði króna og því eftir miklu að slægjast með því að koma þessu hlutfalli í eðlilegt horf.

Fjárfestingar

Allar fjárfestingar Borgarsjóðs skyldu sæta arðsemismati áður en þær séu samþykktar. Meiriháttar fjárfestingar þarf að kynna vel fyrir íbúum. Það er óviðunandi að arðsemi Borgarlínu sé einungis metin í heild, en ekki fyrir hverja framkvæmd. Raunar virðist slík aðferð við arðsemismat stangast á við lög.

Óheimilt ætti að vera að skuldsetja B-hluta fyrirtæki fyrir arðgreiðslu til A-hluta. Skatttekjur A hluta skulu standa undir allri lögbundinni þjónustu og kjarnastarfsemi A hluta.

Reykjavíkurborg á ekki að vera í samkeppnisrekstri við einkaaðila og á að losa sig úr slíkum rekstri, t.d. með sölu á Malbikunarstöðinni Höfða. Ef Reykjavíkurborg er í samkeppnisrekstri skal tryggt að rekstrarumhverfi fyrirtækjanna sé sambærilegt við það sem almennt gerist, s.s. varðandi stjórnarsetu og fagmennsku.



Skattheimta og álögur

Skattheimta Reykjavíkurborgar er í hámarki. Sjálfstæðisflokkurinn vill að leitað verði leiða til að lækka álögur á íbúa og fyrirtæki og gerð verði áætlun að fyrir árið 2030 verði Reykjavíkurborg með lægsta skattheimtuhlutfallið miðað við önnur stór sveitarfélög.

Höfuðborgin Reykjavík tekur á sig útgjöld sem tilheyra ríkinu. Reykjavíkurborg nýtur meiri tekna sem höfuðborg landsins og ber einnig ákveðnar skyldur/gjöld sem höfuðborg landsins. Má nefna að aðsetur ýmissa samfélagslegra stofnana og fyrirtækja eru innan marka borgarinnar sem eru ýmsar stofnanir og fyrirtæki sem borga fasteignagjöld. Tryggja þarf að ávinningur eða a.m.k. jafnvægi sé á þeim tekjum og útgjöldum. Það er ekki sanngjarnt að íbúar eða fyrirtæki í Reykjavík beri aukna skattbyrði vegna sameiginlegra verkefna höfuðborgarsvæðisins. Reykjavíkurborg hefur hlutfallslega sett meira fjármagn í félagsþjónustu en mörg önnur nágrannasveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.

Setja bæri almennar viðmiðunarreglur varðandi heimildir borgarstjórnar eða stjórnar fyrirtækja í eigu Reykjavíkurborgar til útgjalda, fjárfestinga eða skuldsetninga sem hlutfall af tekjum eða eignum.

Fjárhagsaðstoð og eignarhald lóða

Upplýsingar um fjárhagsaðstoð eru mjög ógagnsæjar. En af takmörkuðum gögnum verður ráðið að fjárhagsaðstoð til sumra hópa innflytjenda og fólks sem hér hefur fengið hæli hafi farið úr böndunum. Það er óviðundandi að fólk sem hér hefur fengið hæli fyrir tilstuðlan ríkisins lendi á framfæri borgarinnar, jafnvel til fyrirsjáanlegrar framtíðar.

Lagt er til að fyrirkomulag eignarhalds íbúðalóða hjá Reykjavíkurborg verði skoðað. Kostir þess og gallar að þeim leigulóðum verði afsalað til eigenda húsa sem á lóðunum eru verði metnir.

Samþykkt á Reykjavíkurbíngi, 22. nóvember 2025